



**Tillaga
samstarfsnefndar
um sameiningu
Kjalarneshrepps
og Reykjavíkur**





Efnisyfirlit

Til Borgarstjórnar Reykjavíkur og Hreppsnefndar Kjalarneshrepps	5
Sameiningartillaga	7
Kosning • Heiti • Gildistaka • Yfirstjórn • Skipulag og gatnagerð	7
Fjárhagsstaða • Skattar og gjöld	8
Samgöngumál	10
Félagsþjónusta • Heilbrigðismál og heilbrigðiseftirlit	11
Hreinlætismál • Atvinnumál • Landbúnaðarmál • Leikskólamál	12
Skólamál • Félags- og tómstundastarf	13
Íþróttamiðstöð • Ungmennafélag Kjalnesinga • Orkumál	14
Vatnsveita • Brunamál og almannavarnir • Áhaldahús og vélamiðstöð	15
Starfsmannamál • Menningarmál • Félagsheimili • Umhverfismál	16
Ferðamál • Rekstur og framkvæmdir á Kjalarnesi 1997-2002	16
Kjalarnes - drög að aðalskipulagi eftir sameiningu	17
Reykjavík	17
Byggingarland • Nýbyggðasvæði	17
Framtíðarbyggð • Sameining sveitarfélaga	18
Kjalarnes	18
Álfnes	18
Svæði við Leirvogsa/Kollafjarðará • Brimnes/Saltvík/Móar • Í Esjuhlíðum	19
Kollafjarðará	19
Grundarhverfi/Kjalarnes • Landbúnaðarsvæði/sumarhúsabyggð/opin svæði	20
Samantekt: Íbúðabyggð/atvinnusvæði	20
Framtíðin	20
Vinnubrögð við skipulag og uppbyggingu	20
Framtíðarsýn	21



erlun og þjónusta
abyggð

ENDURSKOÐAÐ AÐALSKIPULAG KJALARNESS FRUMDRÖG

Vinnuhópur um skipulag og framkvæmdir í
sameinuðu sveitarfélagi Reykjavíkur og Kjalarness

Unnið á Borgarskipulagi Reykjavíkur 22. apríl 1997

BP.



Til Borgarstjórnar Reykjavíkur og Hreppsnefndar Kjalarneshrepps

Samstarfsnefnd um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps hefur lokið störfum og fylgja tillögur hennar hér á eftir. Samstarfsnefndin leggur til, að Kjalarneshreppur og Reykjavík verði sameinuð og að kosið verði um sameiningartillöguna 21. júní n.k. í báðum sveitarfélögunum.



Að mati nefndarinnar er sameining sveitarfélaganna nauðsynleg forsenda þess að byggð þróist eins og hagkvæmast er, en henni séu ekki settar skorður af sveitarfélagamörkum. Sameiningin tryggir áframhaldandi uppbyggingu Grundarhverfis á Kjalarnesi, þjónusta þar verður eflað, ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum flýtt og útsvarsgreiðslur og ýmis þjónustugjöld lækka frá því sem nú er. Þá mun þróun byggðar í Reykjavík breytast frá því sem gert hefur verið ráð fyrir, en tillögurnar fela í sér að byggt verði með strandlengjunni til norðurs og mun byggingarland verða nægjanlegt í Reykjavík um langa framtíð.

Umtalsverð samvinna hefur átt sér stað á milli Reykjavíkur og Kjalarneshrepps á liðnum árum. Hitaveita Reykjavíkur annast sölu vatns á Kjalarnesi og hreppurinn er að mestu innan dreifikerfis Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá er Sjúkrahús Reykjavíkur einn stærsti vinnuveitandi á Kjalarnesi.

Reykjavíkurborg á nú þegar all mikið land í Kjalarneshreppi. Á árinu 1989 var gerður samningur milli Reykjavíkurborgar og Kjalarneshrepps um urðun sorps á Álfsnesi.

Að fengnu leyfi hreppsnefndarinnar til urðunar keypti Reykjavíkurborg Álfsnesjörðina. Í samningnum var tekið fram að Reykjavíkurborg væri skylt að kaupa þær jarðir á Álfsnesi, sem næstar væru urðunarstaðnum kysu landeigendur að selja jarðir sínar. Eigendur Leira og Vogs á Álfsnesi ákváðu að nýta sér rétt sinn og keypti Reykjavíkurborg þær jarðir, en áður átti borgin land Víðiness á Álfsnesi og jarðirnar Saltvík og Arnarholt.

Könnunarviðræður um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur hófust í fyrrahaust. Lauk þeim viðræðum með því að gengið var frá samkomulagi milli Reykjavíkur og Kjalarneshrepps hinn 14. mars s.l., þar sem ákveðið var að kanna með formlegum hætti möguleika á sameiningu sveitarfélaganna á grundvelli 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Kaus hvor sveitarstjórn tvo fulltrúa í samstarfsnefnd um sameininguna, en í samkomulaginu var jafnframt kveðið á um, að tillögur nefndarinnar ásamt greinargerð skyldu lagðar fyrir sveitarstjórnirnar í maímánuði 1997.

Samstarfsnefndin hélt sinn fyrsta fund 24. mars s.l. og skipaði fljótlega sex starfshópa um:

1. grunnskóla, leikskóla, vinnuskóla og tónlistarskóla
2. íþrótt- og æskulýðsmál
3. fjármál og fjárhagsstöðu
4. skipulag og framkvæmdir
5. félagsþjónustu
6. almenningssamgöngur


Tillögur samstarfsnefndarinnar eru m.a. byggðar á vinnu starfshópanna.

Samstarfsnefndin sendir nú hreppsnefnd Kjalarneshrepps og Borgarstjórn Reykjavíkur tillögur sínar ásamt drögum að aðalskipulagi Kjalarness eftir sameiningu.

Tillögurnar þarf að ræða á tveimur fundum í hvorri sveitarstjórn, en að því loknu er það íbúa sveitarfélaganna að taka afstöðu til þeirra í atkvæðagreiðslu hinn 21. júní n.k.


Samstarfsnefndin hvetur íbúa sveitarfélaganna til að kynna sér tillögur nefndarinnar, en kynningarfundir verða haldnir í báðum sveitarfélögum um efni þeirra.

11. maí 1997


Ingibjörg Sólrún Gísladóttir


Pétur Friðriksson


Árni Sigfússon


Kolbrún Jónsdóttir

Sameiningartillaga

Samstarfsnefnd um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps leggur til, að þessi sveitarfélög verði sameinuð og efnisatriði samkomulags ofangreindra aðila frá 14. mars 1997 verður útfærð eins og hér segir:

Kosning

Kjördagur verði í báðum sveitarfélögum laugardaginn 21. júní 1997.

Heiti

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Reykjavík.

Gildistaka

Verði sameining sveitarfélaganna samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða í hvoru sveitarfélagi fyrir sig skulu þau sameinuð að afloknum sameiginlegum sveitarstjórnarkosningum til borgarstjórnar við upphaf næsta kjörtímabils í júnímánuði 1998, enda hafi Alþingi samþykkt lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Yfirstjórn

Verði sameining samþykkt í báðum sveitarfélögum skal þegar í stað taka til starfa vinnuhópur, skipaður tveimur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi, sem skal fjalla um fjármál Kjalarneshrepps og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegt er að ráðast í á Kjalarnesi á yfirstandandi kjörtímabili.

Sveitarstjórnirnar skulu jafnframt sameiginlega fara þess á leit við Alþingi, að Kjalarneshreppur verði sameinaður Reykjavík, sbr. 110. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Samhliða sveitarstjórnarkosningum 1998 skulu Kjalnesingar kjósa þrjá fulltrúa og þrjá til vara til setu í samstarfsráði Kjalarness, en borgarstjórn skipar tvo fulltrúa í ráðið og tvo til vara. Ráðið skal vera ráðgefandi fyrir borgarstjórn um málefni Kjalarness og sérhagsmuni þess borgarhluta. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fyrir borgarráð/borgarstjórn. Greiðslur til fulltrúa í ráðinu skulu miðaðar við nefndaflokk II hjá Reykjavíkurborg. Einn fulltrúa Kjalnesinga í samstarfsráðinu skal jafnframt eiga seturétt með málfrelsi og tillögurétti á fundum skipulags- og umferðarnefndar, þegar nefndin fjallar um aðalskipulagsmál Reykjavíkur og deiliskipulagsmál Kjalarness á næsta kjörtímabili.

Skipulag og gatnagerð

Tillögunni fylgja drög að aðalskipulagi Kjalarness í sameinuðu sveitarfélagi ásamt greinargerð, sem unnin hafa verið í samráði við Skipulags- og umferðarnefnd Reykjavíkur og Skipulagsnefnd Kjalarneshrepps.

Áhersla er lögð á að ljúka uppbyggingu Grundarhverfis sem fyrst, þ.e.a.s. þess hluta sem nú er fullskipulagður fyrir u.þ.b. 300 íbúa í viðbót. Næsta nágrenni hverfisins verður endurskipulagt, m.a. fyrir ferðaþjónustu og byggð með sérstökum útivistarmöguleikum. Þessi byggð og svæðið allt norðan Kollafjarðar verður útfært með eins vistvænum hætti og mögulegt er.

Með nýrri forgangsörðun og áherslu á lagningu Sundabrautar eins fljótt og auðið er gæti Álfsnes farið að byggjast innan 6-10 ára, en þar má reikna með um 4.800 íbúðum. Í þessu sambandi þarf að huga að sambylí byggðar við urðunarsvæði Sorpu og leita að öðrum urðunarstað fyrir höfuðborgarsvæðið í framtíðinni.

Lóðum á deiliskipulögðum svæðum skal skilað byggingarhæfum með sama hætti og annars staðar í borginni. Lóðarumsækjendum skal einnig gefinn kostur á stærri íbúðalóðum, m.a. í tengslum við atvinnurekstur þeirra eða tómstundir. Gert er ráð fyrir að eigendum býla utan skipulagðra svæða verði heimilað að byggja sér íbúðarhúsnæði og útihús á landi sínu, án þess að til umfangsmikillar deiliskipulagsvinnu komi.

Eftir sameiningu sveitarfélaganna verða gatnagerðargjöld í þéttbýli hin sömu og í Reykjavík. Gatnagerðargjald af stórum lóðum verður ákvarðað með hliðsjón af raunkostnaði við götur og holræsi, þó aldrei lægra en gatnagerðargjald af venjulegri einbýlishúsalóð.

Á næsta kjörtímabili verða settir upp tveir ljósastaurar við hverja heimreið á Kjalarnesi, þar sem þess er óskað. Borgin greiðir rekstrarkostnað við tvo staura en húseigendur það, sem umfram er. Ekki er gert ráð fyrir að krafist verði gatnagerðargjalda í dreifbýli. Óski húseigendur hins vegar eftir lagfæringu á heimreið og bundnu slitlagi í dreifbýli verður lagt einbreitt slitlag eftir nánara samkomulagi. Þessi ákvörðun er háð því, að samkomulag takist við húseigendur um endurgreiðslu a.m.k. 60% áætlaðs kostnaðar við umbeðnar framkvæmdir.

Embætti borgarverkfræðings, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Strætisvagnar Reykjavíkur og veitustofnanir taka yfir þá þjónustupætti, sem þeim ber.

Stefnt er að því að viðhald á götum og gangstéttum í þéttbýli verði svipað og í Reykjavík og sömuleiðis umhirða opinna svæða, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota íbúanna.

Slitlag verður lagt á þær götur, sem þegar hefur verið byggt við í Grundarhverfi á þessu ári, eftir því sem við verður komið og gangstéttir lagðar þar á eftir. Er áætlað að því verki ljúki á árinu 1998. Um er að ræða Esjugrund 10-24, Esjugrund, 84-92a og Búagrund. Jafnframt verður þá lagt á B-gatnagerðargjald.

Þá er gert ráð fyrir, að skipt verði um jarðveg og lagðar lagnir í Jörfagrund og raðhúsagötu við Esjugrund 58-82 á þessu ári. Á næsta ári er ráðgert að skipta um jarðveg í tveimur botnlöngum út úr Jörfagrund, þ.e. neðsta botnlanga að vestan og efsta botnlanga að austan. Jafnframt verður þá lagt slitlag á Jörfagrund.

Lóðir við botnlanga út frá Jörfagrund verða gerðar byggingarhæfar eftir því sem eftirspurn krefur. Slitlag verður lagt á götur einu til tveimur árum eftir jarðvegsskipti.

Fjárhagsstaða

Peningaleg staða borgarsjóðs var um síðustu áramót neikvæð um 10.262 mkr., eða kr. 97.000 á íbúa.

Peningaleg staða Kjalarneshrepps var um síðustu áramót neikvæð um u.þ.b. 146 mkr., eða kr. 288.000 á íbúa.

Varðandi peningalega stöðu Kjalarneshrepps ber að hafa í huga að 20 mkr. hafa verið lagðar í varasjóð til að mæta rýrnun á útistandandi kröfum.

Í sameinuðu sveitarfélagi hefði peningaleg staða um áramótin verið neikvæð um 10.408 mkr., eða kr. 98.000 á íbúa, að teknu tilliti til áætlaðs framlags úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningarinnar, sbr. ummæli félagsmálaráðherra á fundi með fulltrúum Reykjavíkur og Kjalarness 1. apríl sl. Þess efnis, að sveitarfélög í sameiningarviðræðum ættu öll tilkall til hliðstæðrar fyrirgreiðslu og veitt hefur verið á grundvelli reglna um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nr. 619/1994.

Skattar og gjöld

Skattar og gjöld breytast ekki í Reykjavík við sameininguna, en hjá Kjalarnesingum verða eftirfarandi breytingar:

Skattar:

	Nú	Eftir sameiningu
Útsvar	11,99%	11,19%
Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði	0,421%	0,421%
Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði	1,320%	1,525%
Sérstakur skattur af verslunar- og skr.húsn.	0,625%	0,625%

Álögð gjöld:

	Nú	Eftir sameiningu
Holræsagjald	0,125%	0,15%
Tunnuleiga	kr. 6.500	kr. 1.100
Sorphirðugjald fyrirtækja	-	kr. 7.800
Leiga eftir íbúðarhúsalóðir	0,145%	0,145%
Leiga eftir atvinnuhúsalóðir	0,145%	1,0%

Gatnagerðargjöld, leyfisgjöld og þjónustugjöld á Kjalarnesi verða í samræmi við gildandi gjaldskrár í Reykjavík. Breytingar því samfara hafa í flestum tilfellum lítil áhrif á greiðslur, en þar munar mest um lækkun fargjalda með almenningsvögnum.

Heildaráhrif framangreindra breytinga á Kjalarnesi verða þau, að greiðslubyrði einstaklinga lækkar nokkuð, en gjöld á atvinnurekstur hækka lítillega.

Það fer að sjálfsgöðu eftir fjölskyldugerð hvaða áhrif breytingarnar hafa á útgjöld heimilanna. Hvað varðar skatta og álögð þjónustugjöld hefur verið stillt upp eftirfarandi samanburði.

	Útsvar:	Fasteigna-	Vatns-	Leiga	Holr.	Sorph.	Samtals:
		skattur	skattur	íbúðalóða	gjald	gjald	
			2000+				
	11,1900%	0,4210%	(160*78)	0,1450%	0,1500%		
Reykjavík							
Hjón	335.700	37.890	14.480	580	13.500	1.100	403.250
Karlar,einhleypir	201.420	37.890	14.480	580	13.500	1.100	268.970
Konur, einhleypar	134.280	37.890	14.480	580	13.500	1.100	201.830
Kjalarnes							
	11,9900%	0,4210%	0,2000%	0,1450%	0,1250%	Sorph.gj.	
Hjón	359.700	37.890	18.000	580	11.250	6.500	433.920
Karlar,einhleypir	215.820	37.890	18.000	580	11.250	6.500	290.040
Konur, einhleypar	143.880	37.890	18.000	580	11.250	6.500	218.100
Álagningarstofnar:	Útsvars-	Fasteigna-	Fast.mat	Stærð	Stærð		
	stofn	mat	húss/lóðar	lóðar	húss		
Hjón	3.000.000	9.000.000	8.600.000	700 m²	160 m²		
Karlar,einhleypir	1.800.000		400.000				
Konur, einhleypar	1.200.000						

Lækkun skattgreiðslna og álagðra þjónustugjalda á ári:

Hjón	30.670
Karlar,einhleypir	21.070
Konur, einhleypar, skattskyldar tekjur	16.270

Af einstökum gjöldum öðrum ber helst að nefna greiðslur fyrir leikskóladvöl og almenningssamgöngur, en gjaldskrá sundstaða virðist svipuð á báðum stöðum.

Sé tekið dæmi af hjónum með tvö börn á mismunandi aldri virðist útgjaldalækkun vegna barnanna geta verið á bilinu 15.000-35.000 krónur, eða 25.000 krónur að meðaltali. Hér er miðað við almennt gjald fyrir 5 klst. gæslu á leikskóla og áætlaðan ferðafjölda barna og unglunga.

Samanlögð útgjaldalækkun gæti samkvæmt þessu legið á bilinu 46.000-66.000 krónur á ári hjá hjónum með tvö börn. Hinsvegar eru forsendur mjög breytilegar frá einu heimili til annars og því rétt að hvetja íbúana til þess að reikna dæmið út frá eigin forsendum.

Samgöngumál

Borgarstjórn mun beita sér fyrir því, að lagningu „Sundabrautar“ um Elliðaárvog, Grafarvog, Geldinganes, Álfsnes og Kollafjörð verði flýtt eins og kostur er.

Fyrirkomulag almenningssamgangna og skólaaksturs taki mið af eftirfarandi forsendum:

1. Akstur að morgni virka daga frá Grundarhverfi kl. 07.15, miðast við þarfir skólafólks og þeirra sem sækja vinnu til borgarinnar. Í þessari ferð ekur vagninn nokkuð um borgina. Vagn frá Hlemmi kl. 07.30 að Arnarholti og þaðan kl. 08.30.
2. Ferð frá Ártúni kl. 12.30 og frá Arnarholti kl. 12.55 að Ártúni.
3. Ferðir síðdegis frá Ártúni vegna skólafólks og fólks í vinnu á heimleið. Frá Arnarholti kl. 16.25, frá Ártúni kl. 17.15, frá Arnarholti kl. 17.50 og frá Hlemmi kl. 19.00. Aftur frá Arnarholti kl. 19.50 og endar á Hlemmi.
4. Kvöldferð frá Ártúni kl. 23.45 og frá Arnarholti til baka kl. 00.15.
5. Akstur á helgidögum og laugardögum: Frá Hlemmi kl. 07.30, frá Arnarholti kl. 08.30. Frá Hlemmi kl. 19.00 og frá Arnarholti kl. 19.50. Frá Ártúni kl. 23.45 og frá Arnarholti kl. 00.15.
6. Athugað verður sérstaklega, hvort áætlunarbílar sem fara um Vesturlandsveg geti nýst íbúum Kjalarness. Þetta verður væntanlega enn álitlegri kostur með tilkomu Hvalfjarðarganga og væntanlegri fjölgun ferða t.d. frá Akranesi og Borgarnesi.

Tímaáætlun á virkum dögum verði sem hér segir:

Frá Arnarholti	Frá Grundarhverfi	Frá Ártúni	Frá Hlemmi
-	07.15	-	-
08.30	08.35	07.40	07.30
12.55	13.00	12.30	-
16.25	16.30	17.15	-
17.50	17.55	17.15	-
19.50	19.55	19.10	19.00
00.15	00.20	23.45	-

Tímaáætlun á helgidögum verði sem hér segir:

Frá Arnarholti	Frá Grundarhverfi	Frá Ártúni	Frá Hlemmi
08.30	08.35	07.40	07.30
19.50	19.55	19.10	19.00
00.15	00.20	23.45	-

Tímasetning getur tekið breytingum.

Fargjöld verða samkvæmt gjaldskrá SVR, þ.m.t. "græna kortið".

Hagkvæmt er að sameina almenningssamgöngur á Kjalarnesi og akstur fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur vegna Arnarholts. Við nánari útfærslu þarf að skoða vel hagkvæmni samnýtingar vegna skólaaksturs, svo og sérleyfismál.

Félagsþjónusta

Íbúum Kjalarness verður tryggð sambærileg félagsþjónusta og gerist í öðrum borgarhverfum.

1. Barnaverndarmál o.fl.

Lagt er til að barnaverndarnefnd og félagsmálaráð Reykjavíkur taki yfir verkefni sambærilegra nefnda á Kjalarnesi. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar veiti Kjalnesingum félagsþjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir sem stofnunin vinnur eftir.

2. Fjölskyldudeild.

Lagt er til að hverfaskrifstofa II á Suðurlandsbraut 32 þjóni Kjalnesingum hvað varðar alla almenna félagsþjónustu fyrir aldurshópin 66 ára og yngri. Ennfremur að heimaþjónusta hverfaskrifstofunnar skipuleggi heimaþjónustu fyrir alla aldurshópa (einnig aldraða) á Kjalarnesi.

Önnur sérhæfð þjónusta, sem sinnt er miðlægt frá aðalskrifstofu Félagsmálastofnunar, eins og liðveisla, tilsjón, fóstur barna, forsjármál o.fl. mun veitt frá aðalskrifstofu eftir nánara samkomulagi við hverfaskrifstofuna, svo og þjónusta á öllum stofnunum fjölskyldudeildar s.s. vistheimilum, fjölskylduheimilum, unglingaathvörfum, skammtímavist fyrir fatlaða o.s.frv.

3. Öldrunarþjónustudeild.

Lagt er til að öldruðum Kjalnesingum verði þjónað frá þjónustumiðstöðvunum við Hvassaleiti og Bólstaðahlíð. Þeir eiga auk þess sama rétt og aðrir Reykvikingar til þjónustu, sem Reykjavíkurborg hefur komið upp fyrir aldraða. Er þar m.a. átt við húsnæði, bæði almennt og þjónustuhúsnæði, félagsstarf, félagslega heimaþjónustu, heimsendan mat, stofnanarþjónustu o.fl. Óskað verður eftir því, að eldri borgurum af Kjalarnesi gefist kostur á að stunda félagsstarf í Mosfellsbæ.

Samið verður við þjónustuhópinn, sem nú sér um vistunarmat fyrir aldraða á Kjalarnesi um að sinna því áfram.

4. Aðlögun.

Fyrsta árið eftir sameiningu hafi starfsmenn Félagsmálastofnunar úr fjölskyldudeild og öldrunarþjónustudeild viðtalstíma á Kjalarnesi tvisvar í mánuði til þess að kynna þá þjónustu, sem í boði er, og meta hver þörfin fyrir félagsþjónustu er meðal þessara íbúa.

Heilbrigðismál og heilbrigðiseftirlit

Óskað hefur verið eftir staðfestingu heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins á því, að íbúar Kjalarness geti áfram sótt heilsugæslu að Reykjalundi eftir sameiningu. Í svarbréfi ráðuneytisins segir eftirfarandi:

„Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga um heilbrigðisþjónustu eiga íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga, þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæslustöðva, jafnan rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæslustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni“.

Þá er einnig tekið fram, að í því tilviki, sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að setja reglugerð, sem geri ráð fyrir umræddri breytingu og muni ráðuneytið beita sér fyrir því.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekur við heilbrigðiseftirliti á Kjalarnesi. Eigendur hunda í dreifbýli verða undanþegnir hundaeftirlitsgjaldi.

Hreinlætismál

Gerð verður úttekt á frárennslismálum í dreifbýlinu eftir sameininguna og unnið að endurbótum, ef með þarf í samvinnu við íbúana.

Eftir sameininguna tekur borgin að sér að setja upp rotþrær gegn föstu gjaldi fyrir þá, sem þess óska, og ennfreður reglubundið eftirlit og hreinsun gegn greiðslu sérstaks þjónustugjalds.

Sorphirða verður með sambærilegum hætti og annars staðar í borginni. Gámastaður verður áfram á Kjalarnesi og tryggð viðunandi umgengni umhverfis hann.

Atvinnumál

Lögð verður áhersla á uppbyggingu atvinnulífs á Kjalarnesi, í landbúnaði, skógrækt, ferðaþjónustu og almennum iðnaði og skal fyrirtækjum á svæðinu tryggð samkeppnishæf aðstaða. Í samráði við heilbrigðisyfirvöld skal stefnt að því, að útibú Sjúkrahúss Reykjavíkur á Arnarholti verði starfrækt áfram sem heilbrigðisstofnun. Starfsleyfi, löggildingar og önnur þau leyfi sem snúa að atvinnustarfsemi, gildi áfram í sameinaða sveitarfélaginu. Miðað er við, að atvinnuuppbygging á Kjalarnesi verði umhverfisvæn og mengi ekki umhverfið.

Landbúnaðarmál

Á Kjalarnesi er blómleg landbúnaðarframleiðsla. Tryggja þarf vöxt og viðgang þeirrar atvinnustarfsemi og sjá um, að hún búi við sambærilegar aðstæður og í öðrum landbúnaðarhéruðum. Komi til sölu landa sem liggja að bújörðum þar sem stundaður er landbúnaður og ákvæði forkaupsréttar Reykjavíkurborgar gilda, skal ábúendum gefinn kostur á að stækka land sitt til að tryggja viðgang búa sinna.

Í svari Fasteignamats ríkisins frá 7. apríl 1997 við fyrirspurn um fasteignamat í Kjalarneshreppi eftir sameiningu segir orðrétt:

„Skv. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 skulu bújarðir metnar miðað við notkun sína til búskapar meðan þær eru nýttar þannig. Þetta mun að sjálfsögðu gilda áfram á því svæði, sem núverandi Kjalarneshreppur nær yfir, verði hann sameinaður Reykjavík. Um jarðir og jarðarhluta, sem teknir hafa verið úr landbúnaðarnotum gildir, að þar skuli markaðsverð ráða, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976. Þörf er orðin á endurmati þessara eigna á öllu SV-horni landsins. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur mun ekki hafa áhrif á þá endurskoðun. Sameining Kjalarneshrepps og Reykjavíkur mun ein út af fyrir sig ekki hafa áhrif á fasteignamat jarða og annarra fasteigna í Kjalarneshreppi“.

Upprekstrarlönd á Kjalarnesi eru aðallega í einkaeign og skal eignaréttur landeigenda virtur við nýtingu þeirra.

Ekki eru uppi áform um að nýta land ofan höfuðborgargirðingarinnar til meiri beitara en nú er og lausaganga hrossa er bönnuð.

Gert er ráð fyrir að Kjalarnes falli undir Jarðanefnd Kjósarsýslu þar til kjördæmamörkum hefur verið breytt.

Leikskólamál

Leikskólinn Kátakot verður ætlaður 30-40 börnum á aldrinum eins til fimm ára í 4-8 klst. vistun. Leikskólinn verður byggður upp og starfræktur eins og aðrir leikskólar í borginni. Íbúum Kjalarness skal, strax og sameining hefur verið samþykkt, heimilt að sækja um pláss í öðrum leikskólum borgarinnar og sitja þar við sama borð og Reykvik-ingar.

Undirbúningur að lagfæringum og viðgerðum á húsnæði leikskólans í Fólkvangi samkvæmt athugasemdum heilbrigðisfulltrúa hefst haustið 1997 og lýkur á næsta ári.

Sumarið 1998 verður leikvellingum í Grundarhverfi og lóð leikskólans komið í viðunandi horf.

Skólamál

Á Kjalarnesi skal starfa sameiginleg skólanefnd Klébergsskóla og leikskólans Kátakots. Samstarfsráð Kjalarness gerir tillögu til borgarstjórnar um tvo fulltrúa og tvo til vara með búsetu á Kjalarnesi, en auk þess skulu sitja í nefndinni fulltrúar fræðsluráðs og Dagvistar barna ásamt einum fulltrúa Kjósarhrepps.

Klébergsskóli skal starfræktur með sama hætti og verið hefur og samkvæmt þeirri stefnu, sem honum hefur verið mörkuð, og gert ráð fyrir öllum deildum grunnskólans í honum. Þörf er á sjö kennslustofum og hugsanlega þarf að endurskipuleggja notkun núverandi húsnæðis í tengslum við viðbótarhönnun á skólanum og lóð hans. Viðbygging verður hönnuð á árinu 1998 og framkvæmdir hefjast árið 1999. Leiksvæði skólans verður endurbætt og búið leiktækjum. Gamla skóla og skólastjórastúfi verður vel við haldið og á árinu 1998 gerð úttekt á viðhaldsþörf og nýtingarmöguleikum húsanna. Gert verður við nýja skóla og „svarta skóla“ á þessu og næsta ári.

Miða skal við, að Klébergsskóli njóti sömu þjónustu og aðrir skólar í Reykjavík og sérstaða hans verði jafnframt viðurkennd og studd. Hafin verður að nýju starfræksla mótuneytis nemenda.

Nemendur á Kjalarnesi fá sama aðgang að framhaldsskólum og aðrir nemendur í Reykjavík.

Tónlistarskólinn verður rekinn með sama hætti og hingað til.

Börn á Kjalarnesi skulu frá og með sumrinu 1998 eiga kost á störfum í Vinnuskóla Reykjavíkur.

Gera má ráð fyrir því, að Vinnuskóli Reykjavíkur geti sinnt verkefnum við umhirðu og plöntun á Kjalarnesi. Starfi nemendur utan síns heimasvæðis verður þeim séð fyrir akstri eins og nemendum í öðrum hverfum borgarinnar. Framboð á vinnu fyrir 14, 15 og 16 ára ungumenni verður hið sama og í Reykjavík.

Á þessu ári er unglingum í Reykjavík boðin vinna hjá Vinnuskólanum, sem hér segir:

14 ára	3,5 st. á dag í 6 vikur
15 ára	7,0 st. á dag í 7 vikur
16 ára	7,0 st. á dag í 7 vikur

Félags- og tómstundastarf

Íþrótt- og tómstundaráð komi á félags- og tómstundastarfi í skólanum líkt og er í grunnskólum borgarinnar, svo sem í leiklist, skák, ljósmyndun, tölvukennslu o.þ.h.

Lögð verður áhersla á, að frá kl. 08.30-17.00 virka daga yfir skólatíma fari fram skóla-, íþrótt- og félagsstarf fyrir nemendur grunnskólans. Þannig verði íþróttastarf, félagsstarf og tómstundastarf og annað æskulýðsstarf tengt og um leið gæti UMFK komið meira að íþróttastarfi í skólanum.

Með því að bjóða upp á samfelldan tíma fyrir börn og unglinga til náms, íþróttar og tómstunda, eru líkur á, að fleiri ungumenni verði þátttakendur í fjölbreyttu og þroskandi starfi. Af þessu yrði mikið hagræði fyrir allflest heimili, og íþróttamannvirki nýttust betur.

Lagt er til, að gerð verði tilraun í skólanum, íþróttamiðstöðinni og Fólkvangi með heildstætt starf fyrir börn og unglinga, er taki mið af því, að vinnudegi allra fjölskyldumeðlima ljúki á svipuðum tíma á eftirmiðdögum. Þannig skapast tækifæri til að endurskipuleggja tómstunda- og félagsstarf fjölskyldunnar. Tilraun þessi, ef vel tekst,

gæti síðar e.t.v. orðið til eftirbreytni í öðrum skólum í samvinnu þeirra við ÍTR og íþrótta- og æskulýðsfélög. Skólaakstur er að loknum eiginlegum skóladegi um kl. 14.30. Gert er ráð fyrir, að aðstandendur barna og unglunga sjái um flutning þeirra vegna tómstunda og félagsstarfs.

Stefnt er að því, að félagsstarf fyrir börn og unglunga í Fólkvangi verði einu sinni eða tvisvar í viku yfir vetrarmánuðina.

Þá verður einnig kannaður grundvöllur fyrir íþrótta- og leikjanámskeið í íþróttamiðstöðinni og Fólkvangi, líkt og er í félagsmiðstöðvum og hjá íþrótta- og æskulýðsfélögum í Reykjavík.

Íþróttamiðstöð

Fyrirhugað er að ljúka frágangi umhverfis íþróttahús og koma upp góðu íþróttasvæði með sparkvelli og körfuboltaaðstöðu.

Núverandi opnunartími	vetur	17.00-21.00	virka daga
		11.00-15.00	helgar
	sumar	14.00-21.00	virka daga
		11.00-18.00	helgar

Skólinn notar íþróttahús og sundlaug frá kl. 08.30-14.30 á veturna.

Lagt er til, að opnunartími fyrir almenning verði samkvæmt eftirfarandi:

	vetur	06.45-08.30	virka daga
		18.00-22.00	virka daga
		12.00-17.00	helgar
	sumar	06.45 - 8.30	virka daga
		14.00-22.00	virka daga
		11.00-18.00	helgar

Íþróttahús og sundlaug verða notuð frá kl. 08.30-17.30 virka daga á veturna í tengslum við skóla, íþrótta- og tómstundastarf nemenda.

Opnunartími verður tekinn til endurskoðunar eftir því sem aðsókn gefur tilefni til.

Nota má íþróttamannvirkin yfir sumartímann m.a. í þágu starfs í tengslum við íþrótta- og leikjanámskeið félagsmiðstöðva og íþrótta- og æskulýðsfélaga úr Reykjavík.

Gjaldskrá og aðgöngukort verða eins og á öðrum sundstöðum í Reykjavík.

Ungmennafélag Kjalnesinga

UMFK mun sitja við sama borð og önnur íþróttafélög í borginni hvað varðar styrkveitingar.

Orkumál

Gerð verður áætlun um frekari lagningu hitaveitu um Kjalarnes en orkukostnaður vegna hitunar íbúðarhúsnæðis hefur nýlega verið jafnaður þannig að kostnaður íbúa sem búa við rafhitun, verður hliðstæður húshitunarkostnaði á hitaveitusvæðum.

Gert er ráð fyrir, að orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur nái yfir allt Kjalarnes. Þar er m.a. um að ræða kaup á 2.5 km löngu línukerfi Rafmagnsveitna ríkisins, en á móti koma orkusölutekjur af sex nyrstu bæjum Kjalarneshrepps.

Vatnsveita

Gerð verður sérstök úttekt á vatnsveitumálum með tilliti til brunavarna, nýtingar og mengunarvarna. Tryggja þarf, að íbúar í dreifðri byggð eigi ávallt aðgang að nægjanlegu vatni.

Á Kjalarnesi eru fjögur vatnsból í umsjón sveitarfélagsins, og í aðalskipulagi verður gert ráð fyrir vatnsverndarsvæðum í kringum þau.

Reiknað er með því, að Vatnsveita Reykjavíkur yfirtaki heimaveitur sé þess óskað, enda verði í staðinn greitt fyrir vatn skv. gjaldskrá Vatnsveitunnar.

Brunamál og almannavarnir

Slökkviliðið í Reykjavík yfirtekur Slökkvilið Kjalarness. Björgunarsveitin Kjölur skal áfram hafa til umráða núverandi aðstöðu án endurgjalds. Unnin skal sérstök áætlun um almannavarnir á Kjalarnesi með það í huga að tryggja sem besta þjónustu sjúkra- og slökkviliðs.

Áhaldahús og vélamiðstöð

Áhaldahús í Grundarhverfi verður starfrækt áfram. Starfsmaður þess verður starfsmaður gatnamálastjóra og annast þá þjónustu, sem þar er veitt. Hann hefur sambærilegt hlutverk og verkstjórar í hverfabækistöðvum borgarinnar. Frá áhaldahúsi verður m.a. sinnt eftirliti með gámostöð, snjómokstri og lausagöngu búfjár.

Starfsmannamál

Störf á skrifstofu verða lögð niður, en starfsöryggi annars starfsfólks verður tryggt.

Menningarmál

Skólabókasafn og hreppsboðkasafn skulu sameinuð og starfrækt í tengslum við Klébergsskóla og Borgarboðkasafn með opnunartíma og lesaðstöðu fyrir almenning.

Félagsheimili

Í félagsheimilinu Fólkvangi verður skipulagt félags- og tómstundastarf fyrir Kjalnesinga á öllum aldri á vegum íþrótt- og tómstundaráðs borgarinnar. Reiknað er með leikskóla, skrifstofu- og fundaraðstöðu í Fólkvangi næstu árin, auk mótuneytis fyrir grunnskóla og leikskóla. Gerður verður þjónustusamningur um rekstur þess hluta húsnæðisins í Fólkvangi, sem ekki nýtist í þessu skyni, í samráði við aðra eignaraðila, þ.e.a.s. Kvenfélagið, Búnaðarfélagið og Ungmennafélagið. Gerðar verða nauðsynlegar endurbætur á félagsheimilinu og hefjast þær á yfirstandandi kjörtímabili.

Umhverfismál

Unnin skal áætlun um umhverfismál á Kjalarnesi, er miði m.a. að því, að gera svæðið aðgengilegt og eftirsóknarvert fyrir þá, sem vilja njóta útivistar, m.a. með skipulagðri skógrækt og lagningu göngustíga og reiðvega, sem ætlað er að tengja saman útivistar-svæði.

Komi til færslu á urðunarstað Sorpu úr Álfnesi, innan svæðisins, verður það ekki gert nema í sátt við umhverfið og íbúa svæðisins.

Unnið verður að áætlun um lagfæringar og uppgræðslu á efnistöðum, þar sem efnistöku er hætt. Unnið verður að varðveislu fornminja, viðhaldi gamalla mannvirkja og þjóðleida, m.a. með enduruppbyggingu Arnarhamars- og Kollafjarðarretta og viðhaldi slóða um Svínaskarð. Sköpuð verður aðstaða fyrir hestamenn í nágrenni þéttbýlisins í Grundarhverfi.

Ferðamál

Stuðlað verður að framþróun ferðapjónustu á Kjalarnesi í tengslum við ferðapjónustu í Reykjavík.

Í drögum að aðalskipulagi er gert ráð fyrir ferðapjónustuvæði við Hofsvík.

Rekstur og framkvæmdir á Kjalarnesi 1997-2002

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaðan viðbótarkostnað og þau verkefni, sem áformað er að ráðast í, verði sameiningin samþykkt. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstur.

Viðhald:	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Leikskóli	0.5	1.8				
Leikskóli lóð	0.8	0.8				
Leiksvæði yngri barna	2.0	-				
Klébergsskóli	1.0	-				
Klébergsskóli, sparkvöllur	2.9	-				
Félagsheimili Fólkvangur	1.9	2.0				
Frágangur umhverfis íþr.hús	-	2.0	1.0			
Annað	-	-	4.0	5.0	5.0	5.0
	9.1	6.6	5.0	5.0	5.0	5.0

Aukin þjónusta:

Íþrótta- og æskulýðsmál		1.0	1.0	1.0	1.0	1.0
Félagsmál		1.5	1.5	1.5	1.5	1.5
Almenningssamgöngur	2	6.0	6.0	6.0	6.0	6.0
	2	8.5	8.5	8.5	8.5	8.5

Framkvæmdir:

Klébergsskóli - viðbygging	-	25.0	65.0	-	-	-
Klébergsskóli framlag Jöfn.sj.	-	-9.0	-9.0	-	-	-
Gatnagerð	42	33	20	23	12	12
Tekjur af gatnagerðagjöldum	-16	-40	-12	-28	-7	-7
	26.0	9.0	64.0	-5.0	5.0	5.0

Rekstur og framkvæmdir alls:	37.1	24.1	77.5	8.5	18.5	18.5
------------------------------	------	------	------	-----	------	------

Hafa ber í huga, að á móti auknum rekstrarkostnaði vegur nokkur lækkun kostnaðar af yfirstjórn.

Kjalarnes – drög að aðalskipulagi eftir sameiningu

Forsenda fyrir skipulagi byggðar í Grafarvogi og Borgarholtum hefur alla tíð verið tenging Sundabrautar yfir Kleppsvík. Sama gildir um uppbyggingu og þróun hafnar- og atvinnusvæðis í Eiðsvík. Með sameiningu sveitarfélaganna verður brýnna að leggja Sundabraut til tengingar við Vesturlandsveg í Kollafirði. Þessi tengsl opna nýja möguleika á þróun byggðar áfram norður með ströndinni í framhaldi byggðar sem er að rísa á Borgarholtum. Þetta er tvímælalaust betri kostur en að byggð þróist á næstu árum upp á „Austur-heiðar“. Með nýrri forgangsörðun og áherslu á lagningu Sundabrautar eins fljótt og auðið er má sjá fyrir sér að byggð rísi á Álfsnesi innan 6 til 10 ára. Á sama tíma þarf að huga að nálægð byggðar við urðunarsvæðið og leita að framtíðarurðunarstað fyrir höfuðborgarsvæðið.

Á Álfsnesi er gert ráð fyrir íbúðarsvæði með 4.800 íbúðum. Skipulagsvinnu verður lokið á næstu árum þannig að fyrstu húsin geta risið um leið og Sundabraut tengist Álfsnesi.

Áhersla er lögð á að ljúka uppbyggingu Grundarhverfis sem fyrst, þ.e. þess hluta sem nú er fullskipulagður fyrir u.þ.b. 300 íbúa í viðbót. Bæta þarf umhverfi, lóðir, leiksvæði og sparkvöll.

Næsta nágrenni Grundarhverfis verður endurskipulagt, m.a. fyrir ferðapjónustu og byggð með sérstökum útivistarmöguleikum. Þessi byggð og svæðið allt norðan Kollafjarðar verður útfært með eins vistvænum hætti og mögulegt er.

Í dreifbýli verður þjónusta við fráveitu og vatnsveitu bætt, sett verður lýsing á heimreiðar næst tengivegum og unnt verður að fá á þær slitlag og lýsingu alla leið með sanngjörnum skilmálum.

Reykjavík

Byggingarland

Samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 verður byggingarland borgarinnar uppuríð eftir 20 ár miðað við að byggðar verði 500 - 700 íbúðir á ári í borginni.

Nýbyggðasvæði

Nýbyggðasvæði Reykjavíkur eru Borgarholt sem skiptist í Rimahverfi, Engjahverfi, Borgarhverfi, Víkurhverfi og Staðahverfi. Rimahverfi og Engjahverfi eru nánast fullbyggð. Uppbygging í Borgarhverfi og Víkurhverfi er nýlega hafin og fyrirhugað er, að byggingaframkvæmdir hefjist í Staðahverfi 1997. Samanlagt eru um 1.200 íbúðir óbyggðar á nýbyggðasvæðum.

Á næstu árum verða fullgerðar um 1.200 íbúðir í Kirkjutúni, Kirkjusandi, Skúlagötu og Bryggjuhverfi auk námsmannaíbúða. Talið er að eftirspurn verði því minni eftir lóðum á nýbyggðasvæðum næstu árin, sem þessu nemur.

Samanlagt eru um 2.400 íbúðir óbyggðar á nýbyggðasvæðum og í hverfum í eldri byggð.

Framtíðarbyggð

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir framtíðarbyggð á svonefndum austursvæðum, þ.e. svæðum austan Vesturlandsvegar. Á þessum svæðum eru Grafarholt og Hamrahlíðarlönd og sé horft til lengri framtíðar, svæði inn með Reynisvatni, Langavatni og Rauðavatni. Þar mun byggð ná allt að 125 m hæðarlínu í stað þess að vera innan við 100 m eins og yfirleitt hefur verið miðað við. Á Geldinganesi er gert ráð fyrir allt að 700 íbúða byggð.

Haldin var samkeppni um skipulag á Grafarholti og verða skipulagstillögur unnar áfram á þessu ári. Samkvæmt verðlaunatillögum má byggja á Grafarholti allt að 1500 íbúðir. Í Hamrahlíð eru áætlaðar a.m.k. 2000 íbúðir. Grafarholt og Hamrahlíðarlönd liggja vel að stofnbraut, Vesturlandsvegi, og einnig að lagnakerfi eins og það er áætlað. Fjarlægð svæðanna frá miðborg er um 10 km.

Á Norðlingaholti hefur verið gerð tillaga að skipulagi fyrir 1000 íbúðir, en landið er ekki nema að hluta til í eigu Reykjavíkur.

Samtals er gert ráð fyrir um 3.500 íbúðum á framtíðarbyggðasvæðunum Grafarholti og Hamrahlíðarlöndum.

Sameining sveitarfélaga

Ef sveitarfélögin Kjalarneshreppur og Reykjavík sameinast, er eðlilegt að breyta áherslu á byggðapróun vegna landkosta. Sé gert er ráð fyrir að byggð risi á Grafarholti á næstu árum og hugsanlega í Hamrahlíðarlöndum eða Norðlingaholti, gæti byggð tekið að rísa á Álfsnesi eftir 6-10 ár.

Kjalarnes

Álfsnes

Álfsnesið er ákjósanlegt byggingarland í aðeins 10 - 12 km fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur um Sundabraut og aðeins í um 3 - 5 km fjarlægð frá atvinnusvæðum á Geldinganesi, Gylfaflöt og Eiðsvík. Byggð á Álfsnesi yrði öll á bilinu 20 - 60 m yfir sjávarmáli.

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010 er gert ráð fyrir sjö íbúðahverfum (skólahverfi) á Álfsnesi vestan Vesturlandsvegar. Byggðasvæðin eru samtals um 300 ha sem nægir fyrir um 4800 íbúðir miðað við lága byggð. Auk íbúðasvæða eru fráteknir um 15 ha fyrir þjónustu og stofnanir. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir atvinnusvæði norðan til á nesinu.

Samtals er gert ráð fyrir 4800 íbúðum á Álfsnesi miðað við meðalþéttleika lágrar íbúðarbyggðar.

Frá byggð í Gunnunesi eru 5 - 7 km um Sundabraut að Sæbraut við Miklagarð, en þaðan eru 5 km í Kvosina. Þessar fjarlægðir eru háðar endanlegri legu Sundabrautar. Byrjað yrði að byggja næst Sundabraut þegar hún hefur tengst Álfsnesi.

Í samræmi við Aðalskipulag Kjalarness 1990-2010 er í þessum drögum gert ráð fyrir íbúðarbyggð sunnan til á Álfsnesinu en athafnasvæði og að hluta útivistarsvæði norðan til. Útivistarsvæðið tengist útsýnishól á norðurhluta nessins og göngutengsl yrðu milli íbúðarbyggðar og útivistarsvæðis.

Áður en lokið verður við skipulag íbúðarhverfa, er lagt til að kannað verði hvernig önnur sveitarfélög, innanlands sem utan, hafa staðið að nýjungum í uppbyggingu íbúðarhverfa. Jafnframt verði sú reynsla, sem hefur fengist við byggingu Grafarvogs- og Borgarholtshverfa metin og nýtt. Einnig þarf að skilgreina þarfir hinna ýmsu hópa borgarbúa, þ.m.t. aldurshópsins 50-70 ára, en sá hópur fer stækkandi. Ennfremur þarf að kanna, hvernig breytt gildismat upplýsingasamfélagsins getur haft áhrif á skipulag íbúðarhverfa.

Gera þarf úttekt og áætlun vegna veitulgna og huga þarf að framtíð orðunarsvæðis fyrir Sorpu þegar íbúðabyggð rís á Álfsnesi. Samkvæmt skipulagsdrögum er gert ráð fyrir að núverandi orðunarsvæði verði útivistarsvæði. Nýta þarf svæðið eins lengi og auðið er meðan íbúðabyggð er að rísa á nesinu.

Mikilvægt er að ákvarða legu stofnbrautar frá Sundabraut að Vesturlandsvegi eins norðarlega og hægt er á Álfsnesi til þess að nýta nesið betur að sunnanverðu. Þá er stefnt að því að byggð verði lengra frá helstu umferðaræðum en tíðkast hefur hingað til. Þjónustu- og verslunarkjarni verður nyrst í íbúðarbyggðinni, miðja vega milli Sundabrautar og Vesturlandsvegar.

Lítil hafnaraðstaða eða smábátahöfn er áformuð í Gunnunesi ásamt nokkurri byggð (samtals um 10 ha) og þjónustu í tengslum við hana. Ekki er gert ráð fyrir öðru hafnarsvæði á Álfsnesi.

Svæði við Leirvogsa / Kollafjarðará

Í Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010 er gert ráð fyrir um 60 ha íbúðasvæði (900 íbúðir) austan Vesturlandsvegar upp með Leirvogsa/Kollafjarðará og um 14 ha athafnasvæði meðfram Vesturlandsvegi. Hér er litið á athafnahverfið sem framhald samskonar hverfis vestan Vesturlandsvegar.

Eins og í gildandi aðalskipulagi Kjalarness er í þessum drögum gert ráð fyrir íbúðarhverfi á þessu svæði. Austast í hverfinu má sjá fyrir sér skógarbyggð, þ.e. byggð inni í skógi, þar sem lóðir verða ekki afgirtar, en renna saman í eina heild. Meðan beðið er eftir tengingu Sundabrautar eru hverfin beggja megin Vesturlandsvegar við Leirvogsa sennilega álitlegustu byggingasvæðin. Frá brúnni á Leirvogsa eru 10 km að gatnamótum Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar, en þaðan eru 9 km í Kvosina.

Norðan við Kollafjarðará yrði svæði fyrir skógarbændur. Hluti af þessu svæði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010.

Brimnes / Saltvík / Móar

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010. Lagt er til að þar verði landbúnaður, smábýli, útivist og e.t.v. fræðsla (skólasetur) og rannsóknir í tengslum við landbúnað (t.d. RALA) og eða ákveðin tegund rannsóknarstofa sem nú eru í þéttri byggð.

Í Esjuhlíðum

Svæðið í Esjuhlíðum er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010. Lagt er til að þar verði bæði landbúnaður og smábýli. Rannsóknir og umhverfismat á svæðinu færi fram með tilliti til skjólmyndunar. Námusvæðið í Esjuhlíðum gæti orðið að íbúðarbyggð í framtíðinni.

Grundarhverfi / Kjalarnes

Í Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010 er gert ráð fyrir um 160 ha íbúðasvæðum auk núverandi byggðar, sem telur um 300 manns. Þessi framtíðarsvæði duga fyrir 2000 einbýlishús.

Miðað er við að lokið verði sem allra fyrst uppbyggingu á núverandi skipulagskjarna, sem gerir ráð fyrir um 600 íbúum en byggð á framtíðarsvæðum þar í kring bíði síðari tíma.

Á stofnana- og útivistarsvæði í Grundarhverfi er skóli, sundlaug og samkomuhúsið Fólkvangur. Í framtíðinni er gert ráð fyrir stærra íþróttasvæði en þar er nú.

Úvistarsvæði er áformað meðfram fjöru sunnan og vestan til á Kjalarnesinu og teygdi sig jafnframt inn í byggðina. Hesthúsabyggð yrði á útivistarsvæðinu vestan núverandi byggðar. Þá mætti hugsa sér smábátahöfn, vestan við höfðann þar sem bátalægi er nú.

Ennfremur mætti koma á fót ferðamannþjónustu vestan við framtíðarbyggðasvæði og sumarhúsabyggð vestarlega á Kjalarnesinu á móts við Andriðsey.

Gert er ráð fyrir jörðum undir smábýli nyrst á Kjalarnesi.

Landbúnaðarsvæði sumarhúsabyggð/ opin svæði

Í Aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010 er reiknað með fleiri landbúnaðarsvæðum en hér hafa verið nefnd, bæði á nesinu sjálfu sem og sunnan við Ártúnsá, í Básum, í Miðdal, við Þverá og bæinn Stardal. Í aðalskipulaginu er jafnframt gert ráð fyrir sumarhúsabyggð við Þverá og opnum svæðum til sérstakra nota á Kjalarnesinu, í Andriðsey, norðaustur af Grundarhverfi, við Mógilsá, Tröllafoss og Skálafell. Hér er ekki gert ráð fyrir að skilgreiningu þessara svæða verði breytt við endurskoðun aðalskipulagsins ef af sameiningu sveitarfélaganna verður.

Að öðru leyti er vísað til frumdraga að landnotkunarkorti sem fylgir hér með.

Samantekt: Íbúðabyggð - atvinnusvæði

Á Álfnesi má koma fyrir 12 - 15 þúsund manna íbúðabyggð, auk atvinnustarfsemi og þjónustu á um 15 ha svæði. Á landsvæðinu austan Vesturlandsvegur er gert ráð fyrir rúmlega 4 þúsund manna íbúðabyggð. Í Grundarhverfi og nágrenni er áætluð um 6 þúsund manna byggð. Auk þessa er gert ráð fyrir smábýlum undir Esjuhlíðum og á Brimnesi. Samtals má því sjá fyrir 22 - 25 þúsund manna byggð á Kjalarnesi samkvæmt þessum áætlunum. Einungis eru áformuð stærri atvinnusvæði á Álfnesi og austan Vesturlandsvegur á u.þ.b. 60 - 70 ha. lands. Jafnframt er gert ráð fyrir blómlegri matvælaframleiðslu og landbúnaði á svæðinu.

Framtíðin

Vinnubrögð við skipulag og uppbyggingu

Við skipulag og uppbyggingu Kjalarness er mikilvægt að gefa sér góðan tíma til að hugleiða allar nánari skipulagsákvæðanir. Taka verður mið af reynslunni í Reykjavík, og horfa til nýrra tíma með nokkuð breyttum markmiðum og nýrri lífssýn. Í samræmi við slíka hugsun þarf að byrja á náttúrufarskönnunum, þ.m.t. könnunum á vatnsbólum og verndarsvæðum kringum þau. Allan undirbúning þarf að vinna með hliðsjón af óskum heimamanna. Við skipulag svæðisins norðan Kollafjarðar yrði lögð áhersla á að varðveita ímynd þess sem dreifbýlis- og landbúnaðarhéraðs.

Hér gefst tækifæri til að líta lengra inn í framtíðina og að horfa til byggða með „sjálfbærri“ þróun og tengja landbúnað og þéttbýli þannig saman að allir njóti góðs af. Tengsl byggðar, náttúru- og útivistarsvæða þarf að skoða og meta.

Framtíðarsýn

Hér er varpað fram þeirri hugmynd, að framtíðarsýn fyrir skipulag á Kjalarnesi taki mið af því, sem er að gerast á alþjóðlegum vettvangi í þróun byggðar, það er þróun vistvænnar byggðar. Það er jafnframt í anda þeirra alþjóðasamþykktu, sem Íslendingar eru aðilar að. Með vistvænni byggð er m.a. átt við, að horft sé til orkunýtingar, notkunar byggingarefna, hvernig sé staðið að sorpmálum og umferðarmálum, hver séu tengsl manns við náttúru og land, og hvernig sé háttað samskiptum manna á meðal, menntun og upplýsingamiðlun.

Ef þessi hugmynd hlyti brautargengi yrði Kjalarnes þekkt fyrir hreinleika og vistvæna þróun.

Þessu til viðbótar er hér lagt til, að í grunnskóla Kjalarness verði lögð sérstök áhersla á fræðslu um sjálfbæra þróun og vistvæna byggð. Nú þegar eru unnin verkefni í skólanum í þessa veru. Þemavinna færi jafnframt fram í leikskóla Kjalarness.

Hugmyndir um skógrækt, smábýli, smáhúshótel og rannsóknarstarfsemi falla vel að þessari framtíðarsýn. Nokkur svæði henta vel þróunarverkefni af þessu tagi svo sem hverfi við Leirvogsa og nágrenni Grundarhverfis.

Greinargerð þessi er unnin af starfshóp um skipulag og framkvæmdir.

Í starfshópnum störfuðu:

Guðrún Ágústsdóttir formaður skipulags- og umferðarnefndar í Reykjavík
Stefán Hermannsson borgarverkfræðingur
Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri
Pétur Friðriksson oddviti Kjalarneshrepps
Jónas Vigfússon sveitarstjóri Kjalarneshrepps.



